

TVÆR ÆÐAR Í NAFLASTRENG

ICD-10 greining: Q27.0

Meðfædd vöntun eða vanvöxtur naflastrengsslagæðar

Alla jafna eru þrjár æðar í naflastreng, þ.e. tvær slagæðar og ein bláæð. Fjöldi æða í naflastreng er sérstaklega metinn í 20 vikna ómun og í stöku tilfellum sjást einungis tvær æðar í naflastrengnum. Þessi tilvik eru sjaldgæf.

Ef einungis tvær æðar sjást í naflastreng er leitað eftir ákveðnum frávikum, t.d. hjartagöllum. Í langflestum tilfellum finnast engin önnur frávik og er meðgönguvernd þá áfram í heilsugæslu.

Sumar rannsóknir hafa sýnt auknar líkur á vaxtarskerðingu og því er mælt með vaxtarmati við 32-34 vikur. Sjá fróðleiksmola um vaxtarskerðingu.

Almennt er ekki þörf á auknu eftirliti með barninu í fæðingu ef eingöngu er um að ræða 2 æðar í naflastreng án fylgikvilla.

Ekkert sérstakt eftirlit þarf með nýbura eftir fæðingu eða síðar í uppvextinum.